



Rennslismæling á Laugarvatnshver

Guðmundur Ingi Haraldsson, Sigmundur Einarsson

Greinargerð GIH-SE-82/01

RENNSLISMÆLING Á LAUGARVATNSHVER

Í símskeyti dags. 30. mars sl. óskaði sameign skólanna á Laugarvatni eftir því við jarðhitadeild að mælt yrði vatnsmagn í Laugarvatnshver.

Verkið var unnið þann 6. maí í samráði við Eirík Eyvindsson umsjónarmann hitaveitunnar. Dælur voru stöðvaðar um 1 klst. áður en mælt var. Læknum frá hverunum var veitt í stokk og mældur straumhraði og vatnsdýpt. Suður frá syðri hvernnum falla tveir smálækir, sem mældir voru sérstaklega. Auk Laugarvatnshvers var mælt rennsli í heitum læk, sem á upptök sín ofanvið gróðrarstöðina, Vígðulaug og giskað var á rennsli úr hvernum við gufubaðið.

Niðurstöður urðu sem hér segir:

LAUGARVATNSHVER	RENNSLI	HITI
Stokkmæling	$27,5 \pm 5\%$ l/s	100°C
(þar af neðri hver $8,7 \pm 5\%$)		
Lækur suður úr aðalhver	$2,6$ l/s	100°C
Samtals	<u>$30 \pm 1,5$ l/s</u>	

HEITUR LÆKUR VIÐ GRÓÐRARSTÖÐ 5 l/s $\pm 10\%$

Hiti mældur í skurðinum 54°C

VÍGDALAUÐ $0,28$ l/s 40°C

HVER VIÐ GUFUBAÐ $0,5 - 1$ l/s
Hiti mældur í þró 85°C